

Alþingi
Erindi nr. P 135/2942
komudagur 23.5.2008



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. maí 2008

Efni: Umsögn Örkyrjabandalags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

(lagt fyrir Alþingi 135. löggjafarþingi 2007-2008)

Þingskjal 738 – 464. mál.


Örkyrjabandalag Íslands lýsir yfir ánægju með framkomu þessa frumvarps. ÖBÍ telur að margar þær breytingar sem boðaðar eru í frumvarpinu séu til góðs, svo sem að *“...efla samkeppni á lyfjamarkaði, auka þjónustu við neytendur og einfalda stjórnsýslu á sviði lyfjamála”*. Hins vegar eru gerðar eftirfarandi athugasemdir við 10. grein frumvarpsins:

ÖBÍ þykir 10. gr. frumvarpsins afar óljós og ekki ljóst hver tilgangur hennar á að vera. Þar segir meðal annars að *“Verð lyfseðilsskyldra lyfja skal vera það sama um land allt...”*.

ÖBÍ túlkar þau orð svo að smásöluaðilum lyfja sé ekki heimilt að veita viðskiptavinum sínum afslátt yfir borðið. Við teljum nauðsynlegt, að til að tryggja samkeppni á lyfjamarkaði, þurfi viðskiptavinir að sjá beinan ávinning af að versla lyf sín hjá þeim smásöluaðila sem getur boðið lægsta verðið. Fulltrúi bandalagsins, sem kemur fyrir heilbrigðisnefnd Alþingis næstkomandi laugardag, mun útskýra málið nánar.

Í 10. grein frumvarpsins er einnig sagt að *“.. smásöluaðilar sem vilja selja lyf á lægra verði en hámarksverð segir til um skuli tilkynna lækkað verð til lyfjagreiðslunefndar sem birtir þau í næstu útgáfu lyfjaverðskrárinnar”*. ÖBÍ telur að slíkt fyrirkomulag sé óásættanlegt í ljósi þess að fulltrúum ÖBÍ er sagt að lyfjaverðskrá sé gefin út einu sinni í mánuði og er því ljóst að smásöluaðilar geta ekki breytt verðum sínum nema á mánaðar fresti.

Virðingarfyllt,


Halldór Sævar Guðbergsson
Formaður Örkyrjabandalags Íslands.